# Námsáætlun fyrir textílmennt - 6. bekkur
# skólaárið 2024 – 2025

**Kennari:** Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku hálft skólaárið.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handverk, aðferðir og tækni** | -beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar<br><br>-Unnið úr fjölbreyttum textílefnum<br><br>-unnið með einföld snið og uppskriftir | Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og læra að þræða saumvél.<br><br>-Endurvinnsluverkefni – nemendur sníða og sauma fjölnotapoka úr endurnýttu textílefni.<br><br>Jurtalitun/ vefnaður – nemendur læra að lita þráð með jurtum og öðru litarefni. Vefa voð/efni úr lituðum þræðinum og nýta í verkefnagerð. | Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda<br><br>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.<br><br>Metin er hæfni til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð. |
| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | -þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli<br><br>-notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar<br><br>-nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu | Jurtalitun – hanna og vinna verkefni úr eigin vefnaði.<br><br>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð. | Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Menning og umhverfi**<br><br><br><br><br><br><br><br><br>**Menningarlæsi** | -fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni<br><br>Gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna<br><br>-gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum<br><br>-lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum<br><br>-sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á svæði | Nemendur læra um jurtalitun úr íslensku ullinni, helstu eiginleika ullarinnar og þýðingu hennar fyrir íslensku þjóðina í gegnum tíðina.<br><br>Efnisfræði um náttúruleg efni sem notuð eru til að búa til textílefni.<br><br>Endurvinnsluverkefni- fjölnotapoki.<br><br>Nemendur tjá sig um og útskýra verkefnavinnu sína.<br><br><br>Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma. | Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Áhrif textíls á umhverfi okkar og í sögulegu samhengi. |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.